# Fjármálaáætlun 2024 – 2028
# Forsætisráðuneyti

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

# Hlutdeild forsætisráðuneytis

Málefnasvið 3 Æðsta stjórnsýsla (allt málefnasviðið).

Málefnasvið 6 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál. Málefni Hagstofu Íslands.

Málefnasvið 9 Almanna- og réttaröryggi. Mfl.9.3 - Ríkislögmaður og óbyggðanefnd.

Málefnasvið 29 Fjölskyldumál. Mfl.29.4 - Umboðsmaður barna.

Málefnasvið 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála. Málaflokkur 32.2 Jafnréttismál.

Málefnasvið 2.10: launaliður Hæstaréttar.

# Málefnasvið 3 Æðsta stjórnsýsla

## Helstu breytingar á tímabili fjármálaáætlunar

Fjármálarammi í m.kr.




Heildarfjárheimildir til málefnasviðsins á yfirstandandi ári eru 2.855,4 m.kr. og lækka um 223,3 m.kr. á tímabilinu.

- Aðhald nemur 108,4 m.kr.
- Niðurfelling tímabundinna fjárveitinga nemur 315 m.kr.
- Almennt útgjaldasvigrúm nemur 210 m.kr.

<u>Sértækar aðhaldsaðgerðir á árinu 2024:</u>

- Aðhald á aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur 9,9 m.kr.
- 400 m.kr. framlag til viðbyggingar Stjórnarráðshússins hliðrað til.

# Málefnasvið 3 Æðsta stjórnsýsla

## Málaflokkur 3.1 Embætti forseta Íslands og málaflokkur 3.2 Ríkisstjórn

**Helstu breytingar á tímabili fjármálaáætlunar:**

- Fjárveitingar Embættis forseta Íslands lækka sem nemur aðhaldskröfu.
  - Aðhald nemur 21,6 m.kr. sem er á bilinu 3,5 – 3,7 m.kr. á ári, nema árið 2024 þá er aðhald 7 m.kr.
- Fjárveitingar ríkisstjórnarinnar (launaliður ráðherra og aðstoðarmanna) haldast óbreyttar og nema 779,2 m.kr. á ári.
  - Ekkert aðhald reiknast á þennan lið.

# Málefnasvið 3 Æðsta stjórnsýsla

## Málaflokkur 3.3. Forsætisráðuneyti

**Helstu breytingar á tímabili fjármálaáætlunar:**

- Fjárheimildir málaflokksins eru á yfirstandandi ári 1.724,3 m.kr. og lækka um 201,7 m.kr.
- Aðhald á málaflokkinn nemur 86,8 m.kr. í heildina eða milli 14,1 – 14,3 m.kr. á ári nema árið 2024 þá er aðhald 30 m.kr.
- Almennt útgjaldasvigrúm:
  - Frestun frá árinu 2023 kemur inn nú, 5 m.kr. árið 2024 og 5 m.kr. árið 2025.
  - 100 m.kr. árið 2024 og 100 m.kr. árið 2025.
- Sértækar aðhaldsaðgerðir á árinu 2024:
  - 9,9 m.kr. aðhald á aðalskrifstofu ráðuneytisins
  - 400 m.kr. framlag sem veita átti til viðbyggingar Stjórnarráðshússins árið 2024 er frestað til ársins 2025.

# Málefnasvið 3 Æðsta stjórnsýsla

Tímabundnar fjárveitingar falla niður, samtals 315 m.kr.:

- 10 m.kr. framlag vegna samhæfingar og stjórnunar innviðaátaks í kjölfar óveðurs í desember 2019.
- 40 m.kr. framlag til að halda áfram með þá áætlun sem fram kemur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar að hugmyndafræði sjálfbærni og réttlátra umskipta og aukinnar samkeppnishæfni verði leiðarstef ríkisstjórnarinnar.
- 60 m.kr. framlag vegna minnisvarða um eldsumbrotin á Heimaey, þingsályktun.
- 36 m.kr. framlag vegna samhæfingar innan Stjórnarráðsins um vinnslu gagna og upplýsingamiðlun vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd. Samningur við Hagstofu Íslands.
- 129 m.kr. framlag vegna framkvæmda við Bessastaðakirkju.
- 40 m.kr. framlag vegna framkvæmda við innri endurgerð Þingvallabæjar.

# Málefnasvið 3 Æðsta stjórnsýsla

## Framtíðarsýn, meginmarkmið og helstu áherslur málefnasviðs 3

**Framtíðarsýn** forsætisráðuneytisins er að Ísland verði í fremstu röð þegar kemur að samhæfðri og framsækinni stjórnsýslu sem styður við góða þjónustu við íbúa landsins.

**Meginmarkmið** forsætisráðuneytisins er að styðja forsætisráðherra til að sinna forystu- og samhæfingarhlutverki sínu í samfélaginu, á vettvangi ríkisstjórnar og innan Stjórnarráðs Íslands.

### Helstu áherslur 2024-2028

GÆÐI, FORYSTA OG SAMHÆFING

- Mannréttindi og sjálfbær þróun
- Nútímalegt og samhent Stjórnarráð
- Samhæfing stefnumála

# Málefnasvið 3 Æðsta stjórnsýsla

## Málaflokkur 3.3 Forsætisráðuneyti

- Sjálfbær nýting þjóðlenda.
- Sjálfbær þróun og eftirfylgni velsældarvísa.
- Treysta umræðugrundvöll um endurskoðun stjórnarskrárinnar.
- Aukin samhæfing í Evrópusamstarfi og skýr rödd á alþjóðavettvangi.
- Bætt samhæfing og skilvirkni stjórnkerfisins gagnvart ógn gegn þjóðaröryggi, lýðræði og friði.

# Málefnasvið 6 Hagskýrslugerð og grunnskrár

## Málefni Hagstofu Íslands

**Helstu breytingar á tímabili fjármálaáætlunar:**

- Heildarfjárveitingar nema á yfirstandandi ári 1.829,5 m.kr. og lækka um 144,8 m.kr.
- Aðhald nemur 110,8 m.kr. í heildina eða milli 18,3 - 18,8 m.kr. á ári nema árið 2024 þá er aðhald 36,6 m.kr.
- Frestun á almennu útgjaldasvigrúm frá árinu 2023 kemur inn nú, 13 m.kr. árið 2024 og 13 m.kr. árið 2025.
- Tímabundnar fjárveitingar falla niður, samtals 60 m.kr.:
  - 45 m.kr. framlag vegna endurbóta þjóðhagsreikninga.
  - 15 m.kr. framlag vegna manntals.

# Málefnasvið 9 Almanna- og réttaröryggi

## Málefni óbyggðanefndar og Ríkislögmanns

### Helstu breytingar á tímabili fjármálaáætlunar:

- Heildarfjárveitingar nema á yfirstandandi ári 624 m.kr. og lækka um 226 m.kr.
- Aðhald nemur 30,1 m.kr. í heildina eða milli 4,1 m.kr.- 4,4 m.kr. á ári nema árið 2024 þá er aðhald 12,4 m.kr.
- Tímabundnar fjárveitingar falla niður, samtals 188 m.kr.:
  - 160 m.kr. framlag til óbyggðanefndar vegna málskostnaðar landeigenda í þjóðlendumálum vegna aukins umfangs mála.
  - 28 m.kr. framlag sem veitt var til að flýta fyrir verklokum óbyggðanefndar.
- Leiðrétting á sértekjum hjá Ríkislögmanni 8 m.kr.

# Málefnasvið 29 Fjölskyldumál

## Umboðsmaður barna

**Helstu breytingar á tímabili fjármálaáætlunar:**

- Heildarfjárveitingar nema á yfirstandandi ári 97,8 m.kr. og lækka um 22,1 m.kr.
- Aðhald nemur 5,1 m.kr. í heildina eða um 0,8 m.kr. á ári nema árið 2024 þá er aðhald 1,9 m.kr.
- Tímabundið 17 m.kr. framlag vegna réttargæslu barna fellur niður.

# Málefnasvið 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

## Málaflokkur 32.2 Jafnréttismál

### Helstu breytingar á tímabili fjármálaáætlunar:

Heildarfjárheimildir til málaflokksins eru á yfirstandandi ári 414,8 m.kr. og lækka um 76 m.kr.

- Aðhald nemur 23,7 m.kr. í heildina eða milli 3,8 – 3,9 m.kr. á ári nema árið 2024 þá er aðhald 8,2 m.kr.
- Tímabundnar fjárveitingar falla niður, samtals 35 m.kr.:
  - 15 m.kr. framlag til samtakanna ´78 fellur niður.
  - 20 m.kr. framlag vegna aðgerða gegn hatursorðræðu – þingsályktunartillaga.
  - 17,4 m.kr. leiðrétting á sértekjum hjá Jafnréttisstofu.

# Málefnasvið 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála - Málaflokkur 32.2 Jafnréttismál

**Framtíðarsýn** í málaflokki jafnréttis- og mannréttindamála er að vera í fremstu röð og hafa sjónarhorn jafnréttis að leiðarljósi þegar opinberar ákvarðanir eru teknar. Ísland vill vera í fremstu röð þegar kemur að jafnrétti og mannréttindum.

**Meginmarkmið** málaflokks jafnréttis- og mannréttindamála er að allar manneskjur eigi jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína, óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund eða kyntjáningu.

Helstu áherslur 2024-2028

**JAFNRÉTTI OG MANNRÉTTINDI**

- **Sjálfstæð mann-réttindastofnun** og stefnumótun á **sviði mannréttinda.**
- **Virðismat kvennastarfa.**
- Ísland í fremstu röð í málefnum **hinsegin fólks.**